

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	6.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávik var skráð vegna seinna skila á útstreymisbókhaldi og ein athugasemd var gerð.

Útstreymisbókhald var ekki komið til Umhverfisstofnunar þegar komið var í eftirlit en barst 18. júlí sl. og því verður engin eftirfylgni út af því.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Yfirferð yfir stöðu frávíka og athugasemda síðustu ára
- Innsend gögn.
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi og staða rekstraraðila gagnvart þeim.

Vorum tvö í eftirlitinu frá Umhverfisstofnun, Steinunn Karlsdóttir og undirritaður og var sest yfir dagskrá með Ágústi Inga Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni.

Þrjú frávik frá eftirlitum síðustu ára voru útafstandandi.

- Framkvæmdum við olíuhelt undirlag fyrir bíla og tæki er lokið. Geymslusvæði fyrir bíla og tæki er tilbúið með niðurfall í lægsta punkti og tengt olíuskilju. Lokið var við svæðið í tengslum við færslu móttöku- og flokkunarstöðvar. Enn á eftir taka svæðið í notkun og hreinsa til á umráðasvæði rekstraraðila sem hefur geymt bíla og tæki fyrir íbúa svæðisins. Ákveðið var á fundinum að rekstraraðili héldi áfram tiltekt á athafnasvæði sínu og kæmi bílum og tækjunum fyrir á tilskildu svæði. Frávikið er því enn opið því markmið með áttakinu var að koma bílum og tækjum í geymslu á olíuheldu undirlagi. Eftirlitsaðili mun taka þetta út í seinna eftirliti ársins.
- Búið er að kurla trjá- og timburhauginn sem safnast hefur upp á undanföllum árum. Verktaki var ráðinn í verkið og er magn timburs nú komið niður fyrir tilskilin 500 tonn sem starfsleyfið heimilar. Enn er eitthvað ókurlað en vegna sands og grjóts var ekki mátt klára hauginn alveg, en rekstraraðili hyggst sækja um leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands til þess að fara í landmótun á svæðinu og þá að nota timbur sem blandað er jarðvegi til þess að gera manir bæði vegna bættrar ásyndar og eins til þess að minnka fok á efnunum sem komið er með að Strönd. Fráviki er því lokið.
- Frávik var skráð í síðasta eftirliti vegna ákvæði í grein 5.4 í starfsleyfi um skil á niðurstöðum skráninga. 3. mars sl. bárust ítarlegar niðurstöður skráninga frá rekstraraðila. Því telst því fráviki farsælega lokið.

Innsend gögn frá rekstraraðila skila sér oft seint. Áform um áminningu og krafa um úrbætur voru send rekstraraðila fyrir bæði útstreymisbókhaldi 2016 og eins fyrir magntölur úrgangs fyrir 2016. Magntölur úrgangs fyrir 2016 bárust 6. júní sl. og útstreymisbókhaldið fyrir 2016 barst 18. júní sl.

Skilafrestur á þessum gögnum er 1. maí ár hvert.

Magntölur úrgangs 2015 bárust í apríl 2016 og útstreymisbókhald 2015 barst í ágúst 2016. Eftirfylgnimál eru oft stofnuð vegna Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Tilskilin áætlun um mælingar og sýnatöku liggur fyrir. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga er á staðnum. Minnisblað um samantekt á niðurstöðum mælinga berst jafnan fyrir lok hvars árs. Óveruleg áhrif eru af urðunarstaðnum. Styrkur ammoníaks mælist svipaður ofan og neðan urðunarstaðar, en aðeins hækkun á sýnatökustað neðan urðunarstaðar. Litlar breytingar eru á öðrum mæligildum og mælist flest undir greiningarmörkum mæliaðferðarinnar. Rafleiðni, litur og lykt jukust á leið grunnvatnsins undir urðunarstaðinn og hitastig var 3 °C – 6 °C hærra neðan urðunarstaðarins en ofan.

Mælingar á hauggasi og sigvatni koma ekki til framkvæmda fyrr en urðun sláturúrgangs (lífníðurbrjótanlegs úrgangs) hefst enda segir í þriðja kafla starfsleyfisins að ekki sé gerð krafa um eftirlit með hauggasi og að ekki sé gerð krafa um söfnun sigvatns í þeim hluta urðunarstaðarins þar sem aðeins er urðaður óvirkur úrgangur. Ekki hefur verið tekið við sláturúrgangi né dýrahæjum á yfirstandandi ári.

Frávik frá

ákvæði 5.4 í starfsleyfi um skýrslugjöf.

Lýsing á fráviki

Við eftirlit hafði útstreymisbókhald ekki borist eftirlitsaðila. Útstreymisbókhaldið barst 18. júlí sl. og því verður engin eftirfylgni út af þessu fráviki.

ATHUGASEMDIR

Óskað er skýringa á skráningum á magntölum úrgangs fyrir 2016 (bárust 6. júní sl.) en þar er gerð grein fyrir að viðarúrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, alls 173 tonn sé urðað (fargað) á staðnum.

Starfsleyfi heimilar urðun óvirks úrgangs sbr. tl. 2.1 í II viðauka við reglugerð 738/2003 og að jarðgera lífrænan (lífbrjótanlegan) úrgang.

ANNAÐ

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.09.2017



Gottskálk Friðgeirsson